

Skipulagsstofnun
Egill Þórarinsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 11. desember 2017
UST201711-189/B.S.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Varphænsnahús á Hranastöðum, Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 24. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað er að byggja tvö hænsnahús annað fyrir uppeldi kjúklinga sem hýsa mun ca 3800 ungfugla og hins vegar hús fyrir varphænur sem verða alls 7600 stk.

Í reglugerð nr 520/2015 um eldihús alifugla, loðdýra og svína kemur fram að fjarlægðir eldihúsa til íbúðarhúsa óviðkomandi aðila skuli á skilgreindu landbúnaðarsvæði vera minnst 50 m fyrir bú ætluð fyrir 40.000 til 85.000 stæði fyrir kjúklinga eða 40.000 til 60.000 stæði fyrir hænur.

Fram kemur í greinargerð að fjarlægð til næsta íbúðarhúss er tæpir 700 m.


Í fyrrnefndri reglugerð segir að fjarlægð eldihúsa frá vatnsbólum skuli að lágmarki vera 200 m hafi vatnsvernd ekki verið ákvörðuð.


Í greinargerð kemur fram að skilgreind vatnsverndarsvæði séu í 3 km fjarlægð og vatnsból Hranastaðar langt ofan eldihúsa og þeirra túna sem ráðgert er að nýta sem dreifingarsvæði búfjáraburðar. Farið verður með hæsnaskít þannig að hann blandist ekki regnvatni sbr. kröfur í reglugerð.

Hér er um tiltölulega lítið hæsnabú að ræða sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til staðsetningar mannvirkja og reksturs af þessu tagi. Umhverfisstofnun telur að í greinargerð hafi verið gerð fullnægjandi grein fyrir umræddri framkvæmd.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Sigrún Agústsdóttir
Sviðsstjóri